

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra, sbr. auglýsingu nr. 110 frá 2. september 2010.

Forseti Íslands hefur, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og reglugerðar samkvæmt þeim nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, í dag gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra, sbr. auglýsingu nr. 110 frá 2. september 2010.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 110 frá 2. september 2010, um skiptingu starfa ráðherra:

Ögmundur Jónasson sem fer með ráðherrastörf í dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, fer frá og með 1. janúar 2011, sbr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum, með ráðherrastörf í innanríkisráðuneyti. Guðbjartur Hannesson sem fer með ráðherrastörf í félags- og tryggingamálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti, fer frá og með 1. janúar 2011, sbr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 121/2010, um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum, með ráðherrastörf í velferðarráðuneyti. Ennfremur skulu þeir annast framkvæmd ákvæðis til bráðabirgða við sömu lög vegna þeirra starfsmanna sem taka við störfum í hinum nýju ráðuneytum og standa að nauðsynlegum undirbúningi við veitingu starfa í ráðuneytunum.

Forsætisráðuneytinu, 10. desember 2010.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

A-deild – Útgáfud.: 13. desember 2010